

Símenntun

Ársreikningur 2024

Símenntun
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
Kt. 540199-3539

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Símenntun er sjálfseignarstofnun og eru markmið hennar meðal annars að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Símenntun á að veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu í samstarfi við m.a. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila.

Símenntun er með þjónustusamning við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fjölmennit – símenntunar og þekkingarmiðstöð og Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Tekjur voru umfram gjöld á rekstri Símenntunar á árinu 2024 að fjárhæð 9,1 millj. kr. og nemur eigið fé 44,0 millj. kr. í árslok 2024 en þar af er 1,0 millj. kr. óskerðanlegt stofnfé sbr. 2. gr. skipulagsskrá stofnunarinnar.

Hjá stofnuninni störfuðu 7 starfsmenn í 5,12 ársverkum á árinu 2024 (2023: 7 starfsmenn í 4,46 ársverkum) og laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu 16,6 millj. kr. á árinu (2023: 17,9 millj. kr.).

Stjórn Símenntunar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 14. mars 2025

Í stjórn félagsins:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
Áshildur Bragadóttir
Vignir Smári Maríasson
Kjartan Kjartansson
Jóhanna María Sigmundsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Guðrún Vala Elísdóttir

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundi þann 14. mars og undirritaður með rafrænum ætti í framhaldi af fundinum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Símenntunar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Símenntunar („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur fallið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Borgarnesi, 20. mars 2025

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur:			
Styrkir	8	97.857.099	107.442.619
Tekjur vegna námskeiða		21.137.168	21.431.365
Aðrar tekjur	9	15.539.614	11.130.944
		<u>134.533.881</u>	<u>140.004.928</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	10	69.423.556	58.995.230
Námskeiðskostnaður	11	27.938.186	36.072.569
Annar rekstrarkostnaður	12	30.542.286	33.084.141
Afskriftir	13	241.209	301.512
		<u>128.145.237</u>	<u>128.453.452</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		6.388.644	11.551.476
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármunatekjur		3.640.518	1.007.776
Fjármagnstekjuskattur og vaxtagjöld		(922.376)	(339.486)
Gangvirðisbreyting verðbréfa		439.097	(8.878)
Gengismunur gjaldmiðla		(472.259)	0
		<u>2.684.980</u>	<u>659.412</u>
Tekjur umfram gjöld	15	<u>9.073.624</u>	<u>12.210.888</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Fastafjármunir:			
Áhöld og tæki.....		1.061.608	1.302.817
Fastafjármunir alls	13	<u>1.061.608</u>	<u>1.302.817</u>
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur	14	6.475.412	4.051.872
Aðrar skammtímakröfur		304.370	2.344.499
Verðbréfaeign.....	5	5.487.302	5.048.205
Handbært fé.....	6	65.357.260	47.039.931
Veltufjármunir alls		<u>77.624.344</u>	<u>58.484.507</u>
Eignir samtals		<u>78.685.952</u>	<u>59.787.324</u>
Eigið fé:			
Bundið eigið fé:			
Stofnfé		1.000.000	1.000.000
Frjálst eigið fé:			
Óráðstafað samkvæmt skipulagsskrá		43.025.368	33.951.744
Eigið fé samtals	15	<u>44.025.368</u>	<u>34.951.744</u>
Skammtímaskuldir:			
Fyrirframinnheimtar tekjur		11.233.046	9.591.302
Viðskiptaskuldir.....		7.482.989	2.977.641
Aðrar skammtímaskuldir		15.944.549	12.266.637
		<u>34.660.584</u>	<u>24.835.580</u>
Skuldir samtals		<u>34.660.584</u>	<u>24.835.580</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>78.685.952</u>	<u>59.787.324</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar:			
Afkoma samkvæmt rekstrarreikningi	15	9.073.624	12.210.888
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	13	241.209	301.512
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>9.314.833</u>	<u>12.512.400</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun	(822.508)	1.510.860
Skammtímaskuldir, hækkun		<u>9.825.004</u>	<u>9.511.068</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>9.002.496</u>	<u>11.021.928</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>18.317.329</u>	<u>23.534.328</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		0	(1.227.718)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>0</u>	<u>(1.227.718)</u>
Hækkun á handbæru fé		18.317.329	22.306.610
Handbært fé í ársbyrjun		47.039.931	24.733.321
Handbært fé í árslok		<u>65.357.260</u>	<u>47.039.931</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningur Símenntunar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Innlausn tekna

2. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af sölu námskeiða og styrkir eru færðir í rekstrarreikning þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Styrkir sérverkefna sem ekki er lokið í árslok eru færðir sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi í samræmi við stöðu verkefnis.

Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími áhalda og tækja er 5 ár.

Óinnheimtar tekjur

4. Skammtímafröfur í árslok 2023 eru færðar niður um 0,2 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum tekjum í árslok í efnahagsreikningi.

Verðbréfaeign

5. Símenntun hefur fjárfest í verðbréfum til skammtímaávöxtunar og eru þau færð sem sérstakur liður, verðbréfaeign, meðal veltufjármuna. Á reikningsskiladegi eru verðbréfin færð í markaðsvirði.

Handbært fé

6. Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum og innistæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

Áunnið orlof

7. Áfallið orlof er reiknað og fært í rekstrar- og efnahagsreikning og nemur skuldbindingin 5,2 millj. kr. í árslok 2024.

Sundurliðanir

8. Styrkir	2024	2023
Styrkur frá ríkissjóði	40.514.730	38.100.000
Styrkur vegna erlendra verkefna	7.008.774	11.577.013
Styrkur vegna Fjölmenn	4.500.000	4.500.000
Styrkur vegna Þróunarsjóðs	3.500.000	714.000
Styrkur vegna náms- og starfsráðgjafar	10.378.400	8.586.100
Styrkur vegna vottaðra námsleiða FA	19.271.723	26.651.574
Styrkur vegna raunfærnimats	6.479.028	6.299.462
Styrkur vegna þjónustu við flóttafólk á Bifröst	425.000	2.818.906
Styrkur vegna íslensku fyrir útlendinga	3.677.400	4.200.000
Styrkur vegna færni í atvinnulífínu	1.785.000	0
Styrkur vegna FS-NET	0	125.444
Umsýsla vegna fjarnema	0	3.420.000
Aðrir styrkir	0	160.000
Endurgreiddur akstur	317.044	290.120
	<u>97.857.099</u>	<u>107.442.619</u>

Skýringar, frh.:

	2024	2023
9. Aðrar tekjur		
Tekjur vegna sóknaráætlunar	7.000.000	3.728.800
Fræðslustjóri að láni	4.545.886	2.219.036
Tekjur vegna þjónustu við fjarnema	3.153.000	2.624.500
Tekjur vegna námskeiðs tölvulæsi 60+	0	1.475.000
Ýmsar tekjur	840.728	1.083.608
	15.539.614	11.130.944
10. Laun og launatengd gjöld		
Laun	56.182.714	49.827.319
Stjórnarlausn	660.871	676.803
Áfallið orlof, breyting	384.058	(960.781)
Ökutækjastyrkur	690.618	834.284
Tryggingagjald	4.135.957	3.683.013
Lífeyrissjóðsframlag	7.598.965	6.725.608
Önnur sjóðagjöld	2.143.727	1.925.418
Endurgreiðsla frá Vinnuárástofnun	(2.373.354)	(3.716.434)
	69.423.556	58.995.230
Ársverk	5,12	4,46
11. Námskeiðskostnaður		
Aðkeypt þjónusta	26.863.575	34.178.228
Húsaleiga og aðstöðukostnaður	417.501	90.000
Námsefni	238.515	732.671
Fjarfundakostnaður	0	416.812
Annar kostnaður	418.595	654.858
	27.938.186	36.072.569
12. Annar rekstrarkostnaður		
Greiðslur vegna innlendra og erlendra samstarfsverkefna	0	8.391.867
Tölvuþjónusta og hugbúnaður	2.128.383	1.997.799
Dagpeningar	1.466.393	0
Húsnæðiskostnaður	13.291.982	9.328.733
Áskriftir og félagsgjöld	383.651	411.990
Ýmis aðkeypt þjónusta	3.541.868	4.279.453
Gjaldfærð áhöld og tæki, viðhald áhalda	795.721	992.129
Sími og pósthúðargjöld	1.014.627	709.490
Prentun, pappír, ritföng, skrifstofuvörur og tryggingar	618.018	534.755
Ferðakostnaður	2.642.700	1.290.343
Auglýsingar	873.015	1.436.575
Rekstur bifreiðar, leiga bifreiða	1.201.433	1.382.643
Ráðstefnur, endurmenntun, námskeið og veitingar	945.289	1.572.436
Kaffistofa	574.869	599.418
Móttaka gesta	423.738	0
Gjafir og styrkir	120.540	170.504
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur, breyting	513.294	(13.994)
Annar kostnaður	6.765	0
	30.542.286	33.084.141

Skýringar, frh.:

13. **Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og tæki
Heildarverð 1.1.2023	1.317.509
Víðbót á árinu	1.227.718
Heildarverð 31.12.2023	<u>2.545.227</u>
Víðbót á árinu	<u>0</u>
Heildarverð 31.12.2024	<u>2.545.227</u>
Afskrifað samtals 1.1.2023	940.895
Afskriftir ársins	<u>301.512</u>
Afskrifað samtals 31.12.2023	<u>1.242.407</u>
Afskriftir ársins	<u>241.209</u>
Afskrifað samtals 31.12.2024	<u>1.483.616</u>
Bókfært verð 31.12.2023	1.302.817
Bókfært verð 31.12.2024	<u>1.061.608</u>

Skammtímakröfur

14. Niðurfærsla skammtímakrafna	2024	2023
Niðurfærsla í ársbyrjun	213.256	227.250
Breyting á niðurfærslu á árinu	513.294	(13.994)
Niðurfærsla í árslok	<u>726.550</u>	<u>213.256</u>

Eigið fé

15. Yfirlit um breytingu á eigin fé:

Bundið eigið fé:	2024	2023
Flutt frá fyrra ári	<u>1.000.000</u>	<u>1.000.000</u>
	1.000.000	1.000.000
Frjálst eigið fé:		
Flutt frá fyrra ári	33.951.744	21.740.856
Tekjur umfram gjöld ársins	9.073.624	12.210.888
	<u>43.025.368</u>	<u>33.951.744</u>
Eigið fé 31.12	<u>44.025.368</u>	<u>34.951.744</u>

Skýringar, frh.:

16. Leigusamningar

Símenntun leigir kennslu- og skrifstofuhúsnæði og þá var einnig á leigu bifreið á árinu 2024. Leigusamningar Símenntunar flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningar vegna húsnæðis eru annars vegar ótímabundinn samningur og er hann uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Hins vegar er til staðar tímabundinn leigusamningur vegna húsnæðis að Smiðjuvöllum 28, sem hefur gildistíma í 5 ár frá afhendingardegi 31.3.2023. Leigusamningarnir eru verðtryggðir og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Leigusamningur vegna bifreiðar er að jafnaði til 2ja ára í senn og er hann óverðtryggður.

Rekstrarleigugjöld námu 12.585,4 þús. kr. á árinu 2024 (2023: 9.210,7 þús. kr.). Þau eru færð í rekstrarreikning meðal annars rekstrarkostnaðar. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins næstu ár.

	2024	2023
Leigugreiðslur árið 2024		10.547.241
Leigugreiðslur árið 2025	12.520.212	10.547.241
Leigugreiðslur árið 2026	12.520.212	10.547.241
Leigugreiðslur árið 2027	12.520.212	10.547.241
Leigugreiðslur árið 2028	12.520.212	10.547.241
Leigugreiðslur árið 2029	12.520.212	
	<u>50.080.848</u>	<u>52.736.205</u>